

# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



## LESUM OG SKILJUM

Árni Friðriksson

Ásdís Lovísa Grétarsdóttir

Inga Mjöll Harðardóttir

Margrét Matthíasdóttir

Signý Gísladóttir

Sturla Snæbjörnsson

Vala Ágústa Káradóttir

Nafn skóla: Hagaskóli

Nafn verkefnis: Lesum og skiljum

Nafn verkefnisstjóra: Inga Mjöll Harðardóttir

Markmið verkefnis skv. umsókn

Markmið verkefnisins er að hjálpa nemendum að efla lestur og auka lesskilning sinn. Það er trú okkar að með auknum lesskilningi bæti nemendur námsrángur sinn. Við lok grunnskóla er mikilvægt að nemendur hafi náð góðum tókum á lestri og lesskilningi. Grundvöllur frekara náms byggist á góðri lestrarfærni. Með góðri lestrarfærni er átt við góðan lesskilning sem nýtist nemandanum í námi og starfi.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Skólaárið 2009-2010 unnu kennarar skólans í teymum. Kennarar í einu af teymum skólans tóku þátt í verkefninu. Í þessu teymi voru þrjú íslenskukennarar, dönskukennari, enskukennari og stærðfræðikennari og síðan bættist námsráðgjafi við. Til að undirbúa vinnuna sótti þessi hópur námskeið og ráðstefnur og fékk leiðsögn frá Guðmundi Engilbertssyni, lestrarsérfræðingi við Háskólann á Akureyri.

Á vorönn 2010 byrjaði hópurinn að vinna með einn 8. bekk og hann var valinn vegna þess að allir kennarar teymisins komu að kennslu í þessum bekk. Í vetur bættist annar 8. bekkur við og haldið var áfram með fyrri bekkinn.

Nemendur voru þjálfaðir í gagnvirkum paralestri, gerð hugtakakorta, ýmiss konar orðavinnu og minnistækni. Lögð var áhersla á að auka lesskilning í öllum námsgreinum og var um þverfaglega vinnu að ræða. Tilhögun verkefnisins var eftirfarandi:

1. Nemendur ræddu um lestarvenjur sínar og kynntu þær fyrir bekkjarfélögum sínum. Nemendur voru paraðir saman og fengu þeir fimm mínútur til að ræða saman um lestrarvenjur sínar og þá sérstaklega hvernig þeir læsu fyrir próf. Síðan sögðu þeir bekknum frá lestrarvenjum félaga sinna. Í framhaldinu ræddi kennari við nemendur um ýmsar minnisaðferðir. Kennari tók helstu niðurstöður saman og þá voru almennar umræður um lestur og lestrarvenjur í bekknum.
2. Paralesturinn þjálfar nemendur í gagnvirkum lestri, örvar einbeitingu þeirra og skilning á því sem þeir eru að lesa og fást við hverju sinni. Smám saman geta nemendur sjálfir farið að nota þessa aðferð við heimanám eða próflestur og bæta um leið námsrángur sinn. Við lok grunnskóla er nauðsynlegt að nemendur hafi náð góðum tókum á lestri og lesskilningi. Grundvöllur frekara náms byggist á góðri lestrarfærni.

Áður en paralesturinn hefst er hópnum raðað í pör eftir getu. Fyrst er hópnum skipt í tvennt, getumeiri hóp og getuminni hóp. Síðan eru þeir sterkustu í hvorum hóp paraðir saman og svo koll af kalli. Þannig er bilið á milli getu nokkuð jafnt hjá pörunum. Síðan er kennarainnsæið notað

til að gera ákveðnar og nauðsynlegar breytingar. Best er að kennarar í hverjum bekk setjist saman og ákveði þörin þannig að um sömu þör sé að ræða í öllum greinum. Það flýtir fyrir að lesturinn geti hafist í hverri kennslustund.

Nemendur fá leiðbeiningaspjöld til að styðjast við sem þeir hafa á borðunum hjá sér í tímanum. Þau eru á ensku í enskutímum, dönsku í dönskutímum og svo á íslensku í öðrum greinum. Kennari ákveður hvers konar texti er lagður fyrir, ýmist úr námsefninu sjálfu eða annars staðar frá.

Fyrst les annar nemandi stuttan texta eða efnisgrein, hinn nemandinn (þjálfari) hlustar og fylgist með í sinni bók. Að lestri loknum spyr þjálfari lesarann spurninga úr textanum sem lesarinn á að svara. Þá á lesarinn að endursegja efnið helst ekki í fleiri en tíu orðum. Síðan skipta nemendurnir um hlutverk.

3. Hugtakakort er tækni við að skrá þekkingu á myndrænan hátt. Nemandinn skráir upplýsingar og tengir þær saman. Aðferðin auðveldar hugsun og skilning og krefur nemandann um að rifja upp það sem hann hefur lært.

Kostir hugtakakortsins eru meðal annars þeir að það sýnir allar grunnupplýsingar á einum stað, það getur hjálpað nemandanum að sjá tengsl milli nýrrar þekkingar og þekkingar sem hann býr nú þegar yfir og það hentar mjög vel við glósugerð, undirbúning fyrir ritgerð, greinagerðir, skýrslur eða próflestur.

4. Orðaskjóðan felur í sér að safna saman þekkingu og flokka hana í „skjóður“. Ólíkt hugtakakortinu er ekki notast við tengilínur. Þannig getur nemandinn búið sér til einhvers konar yfirlit yfir þau atriði sem hann þarf að þekkja og muna.
5. Krossglíma nýtist nemendum mjög vel við glósugerð, þá sérstaklega þeim sem hentar verr að skrifa lengri texta. Hún á mjög vel við þegar taka á saman efnisatriði úr ákveðnu námsefni. Nemendur hafa yfirleitt gaman af því að nota þessa aðferð. Krossglíman er sett þannig upp að yfirhugtakið er skrifað lóðrétt. Lárétt koma síðan önnur tengd hugtök. Bókstafur í hverju þeirra verður að passa við bókstaf í yfirhugtakinu
6. Ein leið til að setja fram nýtt efni er að kynna orð eða hugtak vikunnar. Þannig getur kennari kynnt nokkur lykilhugtök jafnt og þétt yfir veturinn og haft þau sýnileg í stofunni. Það er líka hægt að nota þessa aðferð til að kynna fyrir nemendum atriði sem tengjast námsefninu óbeint. Sem dæmi mætti kynna málshátt vikunnar, lífveru vikunnar, leikfimisæfingu eða hvað sem er.
7. Orðhlutavinna snýst um að vinna og leika sér með byggingarefnið sem býr til orð. Þessi aðferð getur hentað í mörgum fögum. Í orðhlutavinnu er kannað úr hvaða hlutum orð eru samsett og síðan er unnið á ýmsan hátt með orðhlutana. Þetta má t.d. gera með því að búa í sundur samsett orð og finna nýja fyrriparta eða með því að finna orð sem hafa skylda merkingu.

8. Minnisaðferðir eru margar og mikilvægt er að finna þær aðferðir sem henta best. Kynntar voru nokkrar leiðir fyrir nemendum:
  - *Post-it*: Hengja upp myndir og miða með upplýsingum úr námsefni.
  - *Syngja og/eða hreyfa sig í takt við ákveðin efnisatriði*: Semja grípandi lag eða nota þekkt lag og breyta orðunum til að muna ákveðin efnisatriði. Gott er að hreyfa sig meðan ákveðin efnisatriði eru þulin upp, sungin eða röppuð.
  - *Búa til spurningaleik*: Spurningar eru skrifaðar öðrum megin á spjald og svarið hinum megin.

### Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Við ætluðum að meta paralesturinn hjá sérhverjum nemanda og útbjuggum í því sambandi sérstakt matsblað. Þetta reyndist of tímafrekt og fyrirhafnarmikið, það var betra að fylgjast með hópnum í heild.

### Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Betri lesskilningur og lestrarfærni nemenda og betri námsárangur (sjá fylgiskjal).

Aukin áhersla kennara á lesskilning innan námsgreina.

Efni sem getur nýst kennurum í þessari vinnu (sjá handbók).

### Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið hefur gengið vel og nemendur í tilraunahópnum hafa sýnt miklar framfarir. Því hefur verið ákveðið að innleiða þessar aðferðir í öllum bekkjum næsta haust. Hópurinn, sem unnið hefur að þróun verkefnisins í vetur, mun halda námskeið fyrir aðra kennara skólans 17. ágúst 2011 og leiðbeina og aðstoða við innleiðinguna næsta skólaár. Hann mun síðan þjálfa aðra kennara skólans í að nota þessar aðferðir við þjálfun lesskilnings þvert á námsgreinar.

### Niðurstöður verkefnisins

Við lögðum lesskilningspróf fyrir alla nemendur skólans haustið 2010. Niðurstöður í tilraunahópum voru bornar saman við lesskilningshluta janúarprófs í íslensku 2011. Greinilegur árangur sást (13,1% hækkun frá hausti 2010).

Við vildum skoða framfarir þess 9. bekkjar, sem lengst hafði tekið þátt í verkefninu, og bera þær saman við framfarir annarra 9. bekkja skólans (það eru sex 9. bekkir í Hagaskóla). Niðurstöður janúarprófa 2011 voru bornar saman við janúarpróf 2010 í öllum tungumálum, lesgreinum og stærðfræði.

Tilraunabekkurinn hafði bætt sig áberandi mest í íslensku, ensku, dönsku, náttúrufræði og samfélagsfræði miðað við aðra 9. bekki skólans. Í stærðfræði hafði hann ekki bætt sig en sýndi samt næstbestan árangur af öllum 9. bekkjunum (sjá yfirlit yfir framfarir nemenda).

Niðurstöðurnar sýna að nemendur hafa hag af aukinni orðaforða- og lesskilningskennslu. Paralesturinn, kennsla í gerð hugtakakorta, ýmis orðavinna og minnistækni báru árangur og því var ákveðið að haustið 2011 verði þessir kennsluhættir innleiddir í öllum bekkjum Hagaskóla.

## Áætlun um kynningu

Verkefnið var kynnt á ráðstefnu á Akureyri 8. apríl 2011 (Að vefa serk þann er ekki bíta járn). Hópurinn verður með námskeið 17. ágúst 2011 fyrir aðra kennara skólans. Verkefnið verður innleitt í skólanum á næsta skólaári og mun hópurinn leiðbeina og aðstoða kennara við vinnuna.

31. maí 2011

---

Inga Mjöll Harðardóttir, verkefnisstjóri

---

Sesselja Ingibjörg Jósefsdóttir, skólastjóri Hagaskóla

Meðfylgjandi er yfirlit yfir framfarir nemenda í bóklegum greinum.

## Fylgiskjal – yfirlit yfir framfarir nemenda í bóklegum greinum









